



Reykjavík, 21.febrúar 2008

Ályktun Umferðarráðs um merkingar vegavinnusvæða

Umferðarráð hvetur veghaldara og verktaka við framkvæmdir á götum, vegum og gangstígum fyrir almenna umferð í þéttbýli og dreifbýli til að tryggja að ýrtruðu merkingar og öryggisráðstafanir séu alltaf viðhafðar á framkvæmdasvæðum. Því miður er alltof algengt að ekki sé farið að lögum og reglum um merkingar og umferðarstýringu á vegavinnusvæðum. Ábyrgð veghaldara og verktaka er mikil varðandi það að koma í veg fyrir slys á fólki og munatjón.

Nauðsynlegt er að góð umferðarmerki og skilti séu til staðar, sem gefa skýrt til kynna með góðum fyrirvara hvað er framundan og hvernig beri að aka. Tryggja skal örugga lýsingu og blikkandi aðvörunarljós eru mikilvæg. Ávallt skal halda umferðarmerkjum og endurskinu hreinu. Villandi yfirborðsmerkingar ber að afmá og setja nýjar þar sem það á við. Leiðarsteina og vegrið þarf að setja niður til að aðgreina akstursstefnur og á akbrautarbrúnum til að draga úr slyshættu. Nauðsynlegt er að endurskin sé á leiðarsteinum og vegriðum.

Tryggja þarf að vegfarendum og starfsmönnum á framkvæmdasvæðum sé ekki hætta búin þar sem vegavinna fer fram eða ef vegi er raskað.

Mikilvægt er að reglur um merkingar vegavinnusvæða og eftirlit með framkvæmd þeirra verði skerptar hið allra fyrsta.

Lög, reglugerðir og vinnureglur sem varða merkingu vinnusvæða og vegskemmda:

Umferðarlög 83/97.

Kafla XI. Hindrun á vegi. 77. gr. Óhreinkun vegar o.fl.

Kafla XII. Umferðarstjórn, umferðarmerki o.fl. 79., 80., 81., 82., 84., 85., 86. og 87. gr.

Reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra (Stj.tíð. B. Nr. 289/1995).

Merking vinnusvæða. Bæklingur Vegagerðarinnar í samstarfi við lögreglu og Gatnamálastofu Reykjavíkurborgar (2004).